

## Tilmæli 8/2018

Fyrri skjalsnúmer	A 1746/presidiet
Afgreiðsla	Forsætisnefndin
Fylgiskjal	Nefndarálit forsætisnefndar um þingmannatillögu um áætlanir um heildarvarnir, hættuástand og dreifingaröryggi

**Áætlanir um heildarvarnir, hættuástand og dreifingaröryggi**

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 10. apríl 2018 eftirfarandi tilmæli að tillögu Forsætisnefndarinnar.

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að gera úttekt á norrænum viðbúnaði sem hægt væri að samnýta og hvaða sviðum skyldi veita forgang;*
- að skoða hvernig þróa megi samstarf milli varnarmálayfirvalda og milli lögreglufyrvalda á Norðurlöndum;*
- að gera úttekt á því hvernig norrænt samstarf geti þróað viðbúnað almennings á Norðurlöndum og vitund hans um mismunandi hættur;*
- að greina áhrif alvarlegs hættuástands á matvæladreifingu á Norðurlöndum;*
- að kanna möguleika á að semja við mikilvæga aðila á Norðurlöndum um dreifingaröryggi.*

Kaupmannahöfn, 17. apríl 2018

*Michael Tetzschner*

Forseti Norðurlandaráðs

*Britt Bohlin*

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs